

Miðvikudaginn 1. apríl 1992.

Nr. 118/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

X

(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Aðfinnsla.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. mars 1992 að ósk ákærða. Dómkröfur ákærvalds eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákærði og kærandi munu hafa kynnst nokkuð á öldurhúsum fyrir hið umrædda kvöld, en þá fóru þau saman á vínveitingahús. Síðar um nóttina fóru þau til frekari gleðskapar að A í Reykjavík. Húsráðendur þar telja sig ekki hafa orðið vara við sérstakan samdrátt þeirra á milli þá né fyrr um kvöldið. Þegar leið á nóttina, gengu húsráðendur og maður, sem einnig var þarna gestkomandi, til náða, en ákærði og kærandi urðu eftir í stofu íbúðarinnar, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Allt þetta fólk mun hafa verið mjög ölvað.

Ákærði heldur því staðfastlega fram, að samfarir hans við kæranda að A aðfaranótt 17. maí 1990 hafi verið með samþykki hennar, þótt hún hafi að vísu andmælt eitthvað í fyrstu. Húsráðendur hafa báðir borið, að þeir hafi sitt í hvoru lagi komið að þeim í samförum á stofugólfinu án þess að merkja, að um átök eða nauðung hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður ekki séð, að vettvangur beri nokkur merki átaka, og engar skemmdir urðu á fatnaði kæranda.

Kærandi neitaði því við lögreglurannsókn, að hún hefði orðið vör við, að nokkur kæmi fram í stofu, á meðan hún og ákærði voru á stofugólfinu. Fyrir dómi sagði kærandi hins vegar, að hún hefði orðið vör einhverra mannaferða, en ekki getað kallað á hjálp, þar sem ákærði hefði haldið hendi fyrir munni hennar, auk þess sem hann hefði haldið höndum hennar föstum. Ljósmyndir af vettvangi

sýna, að opið er úr stofu fram á stuttan gang fyrir framan svefnherbergi og salerni.

Í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, dags. 17. maí 1990, segir meðal annars: „Y er nokkuð þrútin í andliti eftir drykkju, en það örlar fyrir roða umhverfis munn, sem gæti verið eftir grip, þó ekki mar (ca. 4 klst. frá atburði). Ekki fleiður eða sár innanvert á vörum. Marblettur er innan á vinstra legg og eymsl yfir æðahnút á hægra fæti (sem er bæklaður/visinn eftir lömunarveikina). Ekki að sjá aðra ytri áverka.“

Samkvæmt framansögðu voru aðstæður á vettvangi, ásigkomulag og fatnaður kæranda með þeim hætti, að ekki veitir sérstaka vísbendingu um, að nauðung hafi verið beitt. Er varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað, er í ákæru greinir, sbr. 108. gr. laga nr 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu. Með þeirri niðurstöðu verður eigi dæmt um bótakröfu kæranda, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, 130.000 krónur.

Héraðsdómur var kveðinn upp 13. desember 1990. Hann var birtur skipuðum verjanda ákærða 7. janúar 1991. Dómsgerðum í málinu fylgir yfirlýsing ákærða um, að hann óski áfrýjunar málsins til Hæstaréttar. Verjandi hans sagði við flutning málsins í Hæstarétti, að þessi yfirlýsing hefði verið send héraðsdómara innan hálfmánaðar frá því, að verjanda var birtur dómurinn. Hins vegar voru dómsgerðir ekki sendar ríkissaksóknara fyrir en rúmu ári síðar, 28. febrúar 1992, eftir að dómurinn hafði verið birtur ákærða sjálfum í sakadómi Kópavogs 9. janúar sama ár. Þessi dráttur á afgreiðslu málsins var ástæðulaus.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

### Dómur sakadóms Kópavogs 13. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæruskjali, dagsettu 23. júlí 1990, á hendur X, f. 1943,....., Kópavogi. Er hann ákærður fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 17. maí 1990 með líkamlegu ofbeldi þröngvað Y [...] til holdlegs samræðis á stofugólfi í íbúð á 4. hæð til hægri að ....., Reykjavík, þar sem þau voru gestkomandi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

#### *Málavextir.*

Fimmtudaginn 17. maí 1990 var lögreglan kölluð að ..... 4. hæð til hægri, þar sem vitnið Y sagði ákærða hafa neytt sig til samræðis gegn hennar vilja. Var vitnið Y talsvert undir áhrifum áfengis eins og ákærði.

Ákærði og vitnið Y eru sammála um, að miðvikudaginn 16. maí 1990 hafi ákærði komið á heimili vitnisins og borðað þar ásamt henni og sambýlismanni hennar. Eftir kvöldverð hafi vitnið og ákærði farið saman í veitingahúsið Ölkjallarann við Austurvöll og verið þar til lokunar, um kl. 1.00. Þaðan hafi þau haldið ásamt fleira fólki, sem þau höfðu hitt í Ölkjallarannum, í leigubifreiðum upp í ....., en þar héldu ákærði og vitnið Y áfram drykkju ásamt því fólki, sem komið hafði með þeim. Fyrst eftir að komið var þangað, sat fólk og spjallaði saman. Svo héldu húsráðendur til svefnis ásamt ....., sem var einnig þarna staddur. Eftir það eru ákærði og vitnið Y ein að mestu leyti til frásagnar um þá atburði, sem ákært er út af. Fljótlega sofnaði vitnið. Vitnið kveðst hafa sofnað í sófa, sem í íbúðinni er, en fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að vitnið hafi sofnað í stól, en ekki sófa. Vitnið kveðst hafa vaknað við, að ákærði hafi rifið sig fram úr sófanum og hent sér á gólfið. Ákærði hafi gripið fyrir munn sér, er hún reyndi að hrópa á hjálp. Ákærði hafi nær strax byrjað að gyrða (sic) niður um vitnið buxnapils, sokkabuxur og nærbuxur, sem vitnið hafi verið í. Vitnið hafi reynt að losna frá ákærða, en hann hafi verið miklu sterkari, og því hafi vitnið ekki getað losnað undan honum. Allan tímann hafi ákærði haldið fyrir munn vitnisins og það því ekki komið upp hljóði. Vitnið kveðst ekki vera viss um, hvort ákærði hafi klætt sig alveg úr að neðan eða hvort ákærði gyrti (sic) fatnaðinn einungis niður að hnjám eða niður á leggi. Vitnið kveður ákærða hafa klætt sjálfan sig úr buxum og nærbuxum, meðan ákærði hafi legið ofan á því, eftir að hafa gyrt niður (sic) um það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki klætt sig úr neinu að ofan né þuklað brjóst þess. Kveður vitnið ákærða hafa fært sundur á sér lærin og þröngvað getnaðarlim sínum inn í sig og viðhaft samfarahreyfingar. Vitnið

kveðst hafa fundið greinilega fyrir getnaðarlim ákærða inni í sér og að ákærða hafi orðið sáðfall. Meðan á þessu hafi staðið, hafi vitnið reynt að streitast á móti og losna frá ákærða, en vegna krafta ákærða og líkamsþunga hafi vitnið mátt sín lítils. Jafnframt hafi ákærði haldið stöðugt fyrir munn þess, svo að vitnið hafi ekki komið upp hljóði, þótt vitnið hafi reynt að kalla á hjálp.

Ákærði kveðst hafa vakið vitnið Y upp með því að kyssa það. Reyndar hafi vitnið tekið því illa í fyrstu, en hafi síðan mýkst. Ákærði kveðst hafa klætt vitnið úr buxum, sokkabuxum og nærbuxum og gyrt (sic) fatnaðinn niður að hnjám vitnisins, þar sem þau hafi legið á gólfinu. Ákærði kveður vitnið ekki hafa hreyft mótmælum við því, að hann gyrti niður (sic) um hana fötin og að samfarir hafi verið með fullu samþykki vitnisins. Ákærði kveðst halda, að sér hafi orðið sáðlát, en kveðst þó ekki muna það. Reyndar kveðst ákærði hafa verið svo drukkinn eins og allir í íbúðinni, að hann muni þetta eins og í þoku.

Samkvæmt framburði annarra vitna, þeirra X og Z, sem voru húsráðendur í umræddu samkvæmi, voru allir þar mjög ólvaðir, og kveðast þau ekki muna mjög vel eftir atburðum þetta kvöld. Af framburði húsráðenda er þó ljóst, að þau komu bæði að, þar sem meint nauðgun átti sér stað, án þess að telja eitthvað óeðlilegt á seyði, enda kveðast þau þá myndu hafa komið vitninu Y til hjálpar. Það var ekki fyrr en um morguninn, er þau komu fram, að vitnið skýrði frá því, að ákærði hefði hauðgað sér. Og í framhaldi af því hringdi vitnið í lögregluna.

#### *Álit dómara.*

Í máli þessu eru ákærði og vitnið Y ein til frásagnar um flest það, sem gerðist umrædda nótt. Verður því, þar sem gögn málsins benda ekki til annars, að taka tillit til framburðar ákærða. Það liggur fyrir í málinu, að vitnið Y sofnaði, eftir að húsráðendur höfðu haldið til svefnherbergja sinna. Ákærði og vitnið eru ekki sammála um, hvar vitnið hafi sofnað, þ.e., hvort vitnið hafi sofnað í stól eða sófa. Verður að gera ráð fyrir því, að vitnið hafi sofnað í stólnum, sbr. framburð ákærða fyrir dómi, og einnig er það sennilegast miðað við staðinn, þar sem samfarirnar áttu sér stað. Ljóst er, að vitnið var mótfallið atlotum ákærða í upphafi, um það eru ákærði og vitnið sammála. Hins vegar heldur ákærði því fram, að vitnið hafi verið samþykkt samförum, en vitnið segir, að ákærði hafi neytt sig til samræðis gegn vilja þess. Er vitnið fór í læknisskoðun 17. maí sl., ca. 4. klst. eftir samfaratíma, kemur fram, sbr. dómskjal 5, bls. 1, að roði er um munn, en ekki sár né mar. Marblettur er á vinstra fæti. Aðrir ytri áverkar sáust ekki. Í kvensjúkdómaskoðun fundust ekki heldur neinir áverkar né meiðsl. Það kom fram hjá vitninu Z fyrir dómi, að það hefði

vaknað um nóttina til að fara á klósettið og komið að, þar sem ákærði og vitnið lágu á gólfinu og ákærði ofan á. Fannst henni allt vera í lagi, og engin hróp komu frá vitninu Y, svo að vitnið Z fór aftur að sofa. Vitnið X bar fyrir dómi, að það hefði vaknað um nóttina við eitthvert tal frammi og farið fram. Þar hafi ákærði legið ofan á vitninu Y, og fannst vitninu X þau hafa samfarir án þess að heyra nokkuð til þeirra. Vitnið fór því að sofa á nýjan leik og varð ekki vart neins frekar, fyrr en það vaknaði um morguninn og fór fram úr. En þá sagði vitnið Y honum, að ákærði hefði nauðgað sér. Ákærði viðurkenni í framburði sínum fyrir dómi, að vitnið Y hefði verið mótfallið atlotum sínum í fyrstu og að ákærði hefði lagt hönd sína yfir munn henni. Röði umhverfis munn konunnar bendir til þess, að ákærði hafi lagt hönd sína þétt að munni henni í einhvern tíma, og gæti það skýrt, hvers vegna vitnin, sem komu að ákærða og konunni, urðu ekki vör við neitt athugavert. Að öllu þessu athuguðu og sérstaklega því, að ákærði viðurkenni, að konan hafi mótmælt í fyrstu, verður ekki talið, að samfarirnar hafi farið fram með hennar samþykki. Samkvæmt því verður talið, að ákærði hafi þröngvað Y til samræðis í skilningi 194. gr. hgl.

#### *Ákvörðun refsingar.*

— — —

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um slíka háttsemi, sem ákært er fyrir, og að teknu tilliti til 70. gr. laga nr. 19/1940 verður refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Rétt þykir, að ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hrl., 65.000 kr., og saksóknarlaun 65.000 kr., en Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ríkissaksóknara.

#### *Skaðabætur.*

Sett var fram skaðabótakrafa frá Y, og þykir rétt að taka hér upp upphaf bótakröfunnar:

„Ég undirrituð, Y, geri þá kröfu, að X greiði mér 350.000 krónur, -þrjú hundruð og fimmtíu þúsund,- skv. 3. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 frá 1974 í bætur fyrir þann miska, sem hann gerði mér með nauðungarverknaði sínum hinn 17. maí sl., sbr. 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þá er krafist dráttarvaxta á þá fjárhæð, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 17. maí 1990 til greiðsludags.”

Fjárhæð bótakröfunnar er ósundurliðuð, en nægilega rökstudd.

Ákærði hefur eindregið hafnað bótakröfunni, en eins og málavöxtum er

háttað, þykir hæfilegt að taka hana til greina með 350.000 kr., og bera skal hún dráttarvexti í samræmi við 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, frá 19. júní 1990 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár. Ákærði greiði Y 350.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 19. júní til greiðsludags. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 65.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 65.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---